

76
14. júní

Samþykkt

**um viðauka við og breytingu á samþykkt um ýms atriði, er snerta
fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.**

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. april 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu í sumar, frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Þar sem nú er leyfð lundaveiði má veiða um sama tímabil í sumar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi.

I stjórnarráði Íslands, 14. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson
aðst.m.